19. október 2026

Skólaráð Rimaskóla

Mætt: Tristan 8b fulltrúi nemenda, Fanney 9b fulltrúi nemenda, Rakel 10b fulltrúi nemenda, Dagný fulltrúi kennara, Aneta fulltrúi almennra starfsmanna, Ósk fulltrúi kennara, Tinna fulltrúi foreldra, Erla Bára fulltrúi foreldra og tengiliður foreldrafélagsins, Njörður fulltrúi nærsamfélagsins, Marta, aðstoðarskólastjóri, Þóranna skólastjóri

1.Starfsáætlun skólaráðs – Rimaskóli

Lögð fyrir og samþykkt.

2. Starfsáætlun Rimaskóla

Lögð fyrir. Rætt um ruglinginn er varðar námsmat og þær óljósu línur sem settar eru til skólanna. Starfsáætlun Rimaskóla ávarpar skipulag skólastarfsins. Rætt um heimavinnu og auknar kröfur í námi. Nemendur ræddu að þeim finnst kröfurnar vera orðnar þyngri. Mikið álag á mörgum nemendum því þau eru líka í æfingum eftir skóla og sitja í ýmsum nefndum. Gæta þarf að fyrirsjáanleika og samræmi á milli námsfaga og kennara.

Skólaráð samþykkir starfsáætlun Rimaskóla 2026-2027.

3 . Framkvæmdir og staðan á þeim

Það var bruni í haust sem tafði verkið um 6 vikur. Komin er áætlun til að vinna gegn töfum og fyrstu dagsetningar í að húsið er klárt verður 16. desember 2026.

4. Önnur mál

- Breyting á skóladagatali 2026-2027. Starfsdagur 30.október 2026 er færður yfir á 4.janúar 2027. Skólaráð samþykkir þessa breytingu.
- Umgengni, skóhillur og fatahengi. Marta ræddi um hvort nemendafélagið gæti ekki tekið þessa umræðu en umgengni væri ekki góð hjá nemendum.
- Foreldrafélagið er með hrekkjavökuföndur 20.10.2026. Frábært framtak.
- Fyrirspurn um margbreytileika og fordóma. Hvernig getum við brugðist við með forvörnum?

Fleira ekki tekið fyrir,

Þóranna Rósa Ólafsdóttir skrifaði fundargerði